



MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR*

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023

*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna stofnunar nefndahúss.
Ráðuneyti	Forsætisráðuneytið
Stig mats	☒ Frummat, sbr. 1. gr. ☐ Endanlegt mat, sbr. 10. gr.
Dags.	15. september 2025

A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifapáttum fyrir ríkið

1. Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifapættir á fjárhag ríkissjóðs.

- Hvaða fjárhagsgreining, rekstraráætlanir, reiknilíkon eða önnur áætlanagerð hefur farið fram við undirbúning fjárhagsmatsins?
Þarfagreining er í vinnslu, þar á meðal húsnæðisgreining á vegum FSRE.
- Helstu forsendur sem áætlanir byggja á og næmni niðurstaðna fyrir frávikum.
Nefndir sem ætlað er að fara í nefndahús eru nú þegar starfandi og rekstur þeirra og þarfir eru undirstaða forsendna í niðurstöðum. Gera má ráð fyrir mikilli næmni fyrir frávikum, en staðreyndir liggja fyrir um rekstur og afköst nefndanna. Áætlanir sem byggja á raunupplýsingum eiga að leggja góðan grunn að áætlunum og ætla má að ekki verði óvæntar útgjaldabreytingar.
- Eru fjárhagsáhrif tímabundin eða varanleg?
 - Tímabundin fjárhagsáhrif: Stofnframlag –Stofnframlag er nýtt til að búa starfsemina tækjum og tólum sem og húsgögnum, einnig til hugbúnaðarkaupa/samninga sem þörf er á. Sá kostnaður sem stofnframlag er ætlað að fjármagna verður eignfærður og myndar stofn í efnahagsreikningi.
 - Varanleg fjárhagsáhrif: Fjármagn betur nýtt með auknum afköstum og minni fjárþörf.
- Skorður sem eru settar fyrir útgjöldum og hvatar sem geta haft áhrif á útgjaldaþróun.
Breytingar í málafjölda, aukning eða samdráttur. Lagasetning sem snertir réttindi tiltekins hóps getur haft áhrif til fjölgunar mála eða fækkunar.
- Aðskilin umfjöllun um brúttóáhrif á tekjuhlið og gjaldahlið en einnig tilgreind nettóáhrif á afkomu.
Eftir að stofnkostnaður er fjármagnaður ætti jafnvægi að nást á gjalda- og tekjuhlið miðað við óbreytt ástand. Gengið er út frá að núverandi fjármögnum nefnda sé fullnægjandi og haldi sér m.t.t. launa og verðlagsbóta en til lengri tíma næst fram hagræðing meðal annars vegna húsaleigusamninga.

2. Tekjubreytingar.

- Sjá gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum.
Tekjubreytingar eru ekki fyrirhugaðar.

3. Útgjaldabreytingar.

- Sjá gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum.
Eftir að stofnkostnaður er fjármagnaður má gera ráð fyrir samdrætti útgjalda m.a. vegna hagræðingar í húsnæðiskostnaði, ekki er hægt að leggja tölulegt mat fram á þessum tímapunkti.

Gert er ráð fyrir fækkun húsaleigusamninga sem þó nær ekki að fullu fram að ganga fyrir en á árinu 2027 þegar lengstu núverandi húsaleigusamningar renna út. Samþætting á störfum nefnda getur einnig leitt til fækkunar stöðugilda, einkum með betri nýtingu stöðþjónustu.

4. Eignabreytingar.

– Sjá sérstakan gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum.

Stofnkostnaður – skrifstofubúnaður – tæki og töl vegna starfsemi nefndahúss og í einhverjum tilvikum vegna hugbúnaðarkaupa/-samninga. Ekki er hægt að leggja fram tölulegt mat fyrir en greining á stofnkostnaði liggur fyrir.

5. Aðrir áhrifapættir varðandi ríkisfjármál.

- a) Samræmi við viðmið og sjónarmið um fyrirkomulag á útgjaldastýringu og umbúnað í fjárlögum.
- b) Samræmi við viðmið um framsetningu fjárlaga og reikningshaldslegan grundvöll samkvæmt lögum um opinber fjármál.
- c) Uppbygging skattkerfis og tekjuöflunar ríkissjóðs.
Á ekki við.
- d) Forsendur og umbúnaður þjónustugjalda – lagakröfur.
Á ekki við.
- e) Rekstrarform ríkisstarfsemi.
Fyrirhugað er að setja á stofn ráðuneytisstofnun um starfsemi nefndahúss á grundvelli heimildar í lögum um Stjórnarráð Íslands. Ætlun er að flytja starfsfólk nefnda í ráðuneytisstofnunina. Enginn kostnaður er vegna stofnunar ráðuneytisstofnunar sem slíkrar. Ekki er heldur gert ráð fyrir kostnaðarauka við flutning starfsfólks.
- f) Opinber innkaup og útboð.
Já útboð vegna stofnkostnaðar vegna húsbúnaður, tækja og tóla og þá eftir atvikum hugbúnaðar. Ekki liggja fyrir tölulegar upplýsingar, beðið er þarfagreiningar.
- g) Eignaumsýsla ríkisins.
Já væntanlegur leigusamningur með aðkomu FSRE. Ekki liggja fyrir tölulegar upplýsingar, beðið er þarfagreiningar.
- h) Réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna.
Núverandi starfsfólki nefnda verður boðið starf með óbreyttum kjörum í hinni nýju ráðuneytisstofnun.
- i) Ríkisstyrkir og ívilnanir, þ.m.t. samræmi við reglur ESA, sbr. 61. gr. EES-samningsins. Ath. tilkynningarskyldu með tveggja mánaða fyrirvara.
Á ekki við.

B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaætlun – fjármögnun

1. Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins:

- a) í gildandi fjárlögum
Nei.

- b) í fjárlagafrumvarpi komandi árs
Nei.
- c) í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar
Nei.

2. Hafi ekki þegar verið gert ráð fyrir útgjöldum við verkefni, hvernig er þá ætlunin að finna þeim stað innan útgjaldaramma málaflökks, t.d. með tilfærslu fjármuna eða með því að draga úr öðrum útgjöldum?

Gert er ráð fyrir að núverandi fjármögnun nefndanna fylgi þeim í hið nýja nefndahús, gengið er út frá að núverandi fjármögnun nefnda standi að fullu undir rekstri þeirra. Stofnfjármögnun mun verða yfir tíma fjármögnuð með hagræðingu í rekstri húsnæðis og kostnaði vegna leigusamninga yfir tíma en töluleg greining verður ekki framkvæmanleg fyrr en niðurstaða í húsnæðismálum hins nýja nefndahúss liggur fyrir og endanleg lok núverandi leigusamninga.

3. Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu?

Nei.

C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni

1. Hagræn áhrif á heildareftirspurn og einstaka markaði – hagstjórnarsjónarmið.

Á ekki við.

2. Áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði, hversu mörg fyrirtæki verða fyrir áhrifum og hvers konar fyrirtæki? Einföldun laga eða stjórnsýslu? Leitað umsagnar ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur, sbr. lög nr. 27/1999?

– Sjá leiðarvísinn „Grunnmat á eftirlitsreglum“

Á ekki við.

3. Samkeppnisskilyrði.

- a) Líkur á því að fjöldi fyrirtækja á markaði takmarkist með beinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér einhvers konar einkarétt, leyfiskerfi eða kvóta).

Á ekki við.

- b) Líkur á því að fyrirtækjum á markaði fækki með óbeinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér aukinn kostnað við inngöngu á markað eða tekur aðeins til hluta starfandi fyrirtækja).

Á ekki við.

- c) Takmarkanir á möguleikum fyrirtækja til þess að mæta samkeppni vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin hefur áhrif á verð fyrirtækja eða eðli vörunnar, t.d. staðlar eða ef aðgerðin takmarkar sölusvæði, svigrúm til að auglýsa eða til að ákveða hvernig vara er framleidd).

Á ekki við.

- d) Takmarkanir á frumkvæði fyrirtækja til að stunda virka samkeppni vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér að fyrirtæki verði undanþegin samkeppnislögum eða ef fyrirtæki bera skyldu eða eru hvött til að skipta með sér hvers konar viðskiptalegum upplýsingum)

Á ekki við.

D. Önnur áhrif

1. Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

– Ath. að skylt er að leggja slíkt mat fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga til umsagnar og tilkynna niðurstöðu máls til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins.

Á ekki við.

2. Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi).

– Ath. tilkynningarskyldu til ESA með fjögurra mánaða fyrirvara, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 666/2011.

Á ekki við.

3. Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000.

– Ath. tilkynningarskyldu til ESA með þriggja mánaða fyrirvara, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 666/2011.

Á ekki við.

4. Áhrif á byggðalög.

Á ekki við.

5. Áhrif á frjáls félagasamtök.

Á ekki við.

6. Áhrif á jafnrétti kynjanna.

– Sjá leiðarvísi fyrir mat á jafnréttisáhrifum.

– Sjá greiningarramma fyrir jafnréttismat.

7. Áhrif á lýðheilsu.

Á ekki við.

8. Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir.

Á ekki við.

9. Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri.

Á ekki við.

10. Áhrif á stjórnsýslu, svo sem hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni.

Á ekki við.

11. Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa, svo sem aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar.

Á ekki við.

12. Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun.

Á ekki við.

E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á

1. Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag.

Fjárhagsáhrif á ríkissjóð til lengri tíma eru óveruleg. Stofnframlag má fjármagna að hluta með að færa til í tíma, fram í tíma, fjárveitingar til fjárfestinga til þeirra nefna sem væru aðilar að nefndarhúsi.

2. Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á.

Engin bein áhrif verða af samþykkt frumvarps þar sem það miðar að því að fjarlægja hindranir í löggjöf við því að starfsfólk nefnda og samningar um kaup á sérfræðiþjónustu lúti miðlægri stjórn. Það verður ekki fyrr en forsætisráðuneytið tekur tímasetta ákvörðun um að setja nefndahús á laggirnar sem stofnkostnaður verður til. Stofnkostnaður felst einkum í tölvukerfum, flutningi gagna úr eldri kerfum í hið nýja, og eftir atvikum kaupum á búnaði í hið nýja nefndahús.

3. Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat).

a) Gengið verður eftir því að nefndir fái ekki inni í nefndahúsinu nema fyrir liggi greinargóðar upplýsingar um fjölda mála og málshraða. Sett verða markmið um forsvaranlegan málshraða og samið árlega við viðkomandi ráðuneyti, sem bera ábyrgð á nefnd, um fjármögnun sem dugir til að ná þeim markmiðum. Þannig mun málshraði almennt aukast sem skapar aukið traust samfélagsins á skilvirkni stjórnsýslunnar.

b) Þá verður aukið samræmi í framsetningu úrskurða og gæði þeirra aukast.

- c) Einnig verða upplýsingar um og aðgengi að nefndum betra vegna þess að þær verða allar á einum stað og gert ráð fyrir að þær nýti til lengri tíma allar sams konar kærugátt.
- d) Stefnt er að því að nefndahúsið verði leiðandi á sviði notkunar gervigreindar í stjórnsýslunni.
- e) Meðferð skjala og skjalavistun verður bætt með því að allar nefndir munu njóta þjónustu nefndahúss í stað þess að sumar hverjar eru nú vistaðar hjá formönnum nefnda utan stjórnsýslunnar.
- f) Til verður nútímalegur vinnustaður sem ætlað er að vera til fyrirmyndar varðandi aðbúnað, nýsköpun, starfsánægju og sem öflug þekkingarmiðstöð í lögfræði.

F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati

1. Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR?
2. Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma?
3. Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin?